

Kennari:
Elfa Ingvadóttir
Linda María Hauksdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
2 kennslustundir

Bekkur:
8. bekkur

Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskiptum við erlenda aðila og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

Samstarf milli landa eykst stöðugt og er kunnátta í ensku mikilvægur þáttur að fræðslu, námi og atvinnutækifærum.

Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Hlustun:	Spotlight 8 Kvikmyndir Þættir Tónlist Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> – skilið talað mál um efni sem varðar hann sjálfan, áhugamál og daglegt mál – skilið í meginatriðum samtöl af ýmsum toga og nýtt sér í ræðu og riti – hlustað eftir nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við eða/og unnið úr þeim – skilið það mál sem notað er í kennslustofunni 	Hlustunarefni Umræður
Lesskilningur:	Spotlight 8 Kjörbók Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> – lesið sér til gagns og ánægju – lesið auðlesna texta af ýmsum gerðum og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans – fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu – skilið megininntak í ólíkum textum og geti unnið út frá þeim 	Lestur Kjörbók Lesskilningsverkefni
Samskipti:	Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> – tjáð sig um efni sem hann þekkir vel og hefur lært um – skilið leiðbeiningar sem tengjast daglegu lífi – tekið þátt í einföldu samtali við aðra nemendur og kennara á dönsku um t.d. áhugamál sín – tekið þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum – spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst 	Umræður
Ritun:	Spotlight 8 Kjörbók Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> – skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt – skrifað texta af mismunandi gerðum – notað algengustu tengiorð og greinamerki 	Kjörbókarvinna Ritunarverkefni
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur: alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.		